

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

#Alltafaðlæra

Alltaf að læra



Stúdentakortið og Íslandsbanka Appið er allt sem þarf

Námsmenn fá góða þjónustu hjá Íslandsbanka og fullt af frábærum tilboðum með Stúdentakortinu. Ef þú skráir þig líka í Vildarklúbb Íslandsbanka opnast enn fleiri möguleikar og þú safnar punktum sem hægt er að breyta í t.d. peninga eða Vildarpunkta Icelandair.

Kynntu þér þjónustu og tilboð til námsmanna á islandsbanki.is



Brot af því besta fyrir námsmenn



20% afsláttur í bíó og meira popp og gos



Flott tilboð á Lenovo fartölvum frá Nýherja



50% afsláttur í sund

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Á þessum degi árið 1994 bannaði ríkisstjórn Sviss allan rasískan áróður.



MÆLIR MEÐ...

FYRIR SVANGAR SÁLIR

Í tilefni 25 ára afmæli hinnar sívinsælu dægurlagasveitar, Sálín hans Jóns míns, verður hamborgari tileinkaður sveitinni kynntur á matseðil Hamborgarafabrickunnar í hádeginu í dag. Sálverjar verða að sjálfsögðu viðstaddir og munu taka lagið auk þess að gæða sér á hamborgaranum sem hefur hlotið nafnið Draumurinn. Einnig mun lagasmiðurinn Guðmundur Jónsson afhenda staðnum til varðveislu gítar þann sem hann hefur samið flesta Sálarsmellina á í gegnum árin.



FYRIR BJÓRÁHUGAMENN

Á föstudag og laugardag fer fram Októberfest í Laugardal og mun þar kenna ýmissa grasa. Rennt verður yfir bjórsöguna með tilheyrandi smakki auk þess sem margir af fremstu uppis-töndurum þjóðarinnar munu stíga á stökk. Þar að auki mun fullorðinssirkusinn Skinnsemi sýna listir sínar en meðlimir sirkusins ku hafa saumað svínsnefjabikiní sérstaklega fyrir hátíðina. Monitor selur söguna ekki dýrara en hún var keypt. Miðasala á þennan skemmtilega viðburð er þegar hafin á midi.is.



PÉTUR GEIR

Fyrstu sex: 100794
Hádegismatur í gær: Skellti mér á Hamborgarafabrickuna
Ég er með allt: Á hreinu
Selli eða þúrlaukur: Aspas
Stuðmannalag sem lýsir stuðlífi mínu mest þessa stuðstundina: Slá í gegn!



Verzlingar eru með allt á hreinu

Nemendamótsnefnd **Verzló** vinnur nú hörðum höndum að því að setja upp söngleik byggðan á klassískri perlu Stuðmanna, **Með allt á hreinu**.

„Það fíla allir stuðmenn og við teljum að þetta muni höfða til allra aldurshópa“ - segir Pétur Geir Magnússon formaður Nemendamótsnefndar Verzló. Í gær var frumsýndur trailer fyrir komandi söngleik skólans, sem í þetta skiptið verður Stuðmannabomban Með allt á hreinu.

Eins og síðustu ár verður söngleikurinn sýndur í Austurbæ og fer mikil vinna í að gera hann sem glæsilegastan. „Við erum með gríðarlega færa listræna stjórnendur en leikstjóri er Bjartmar Þórðarson, tónlistarstjórur Kristján Sturla Bjarnason og Brynjar Unnsteins-son, Helga Margrét Marzeliussardóttir sér um söng- og kórstjórn og danshöfundur er Elva Rut Guðlaugsdóttir. Auk þessara koma síðan um 150 Verzlingar að sýningunni með einum eða öðrum hætti og vinna allir að því að gera hana sem flottasta. Það skapast alltaf frábær andi innan þessa hóps og fólk leggur sig allt fram. Það sáu um fimm þúsund manns sýninguna í fyrra og við stefnum á að bæta það í ár. Við

erum með gott efni í höndunum og höfum allt sem til þarf.“

Trailer-vika og möffusala

Nefndin lét ekki duga að sýna aðeins stiklu fyrir sýninguna. Heil vika er haldin í tilefni hennar og er þar jafnan mikið um dýrðir að sögn Péturs Geirs. „Þetta er fyrst og fremst fjárflyunarvika fyrir nefndina, enda byrjum við ekki með mikið á milli handanna. Það eru ýmsar uppákomur og atriði í gangi yfir daginn, en hápunkturinn er klárlega möffusalan á fimmtudeginum, fyrir utan Trailer fyrir Trailer sem var sýndur á þriðjudaginn.“ Fyrir þá sem ekki þekkja til er „maffla“ pakkatilboð sem inniheldur bæði möffins og vöflu, en viðlíka uppfinning hefur varla sést frá dögum Arkímédesar. „Möffurnar seljast á ótrúlega góðu verði og mikil eftirvænting hefur verið í skólanum eftir að möfflu-trailerinn var sýndur á mánudaginn“ - segir Pétur.

Grýlunum gert hátt undir höfði

Prufur í söngleikinn fara fram á næstu dögum og eru það listrænir stjórnendur sem stjórna valinu í samráði við Nemendamótsnefndina. Í ljósi fjórugar umræðu síðustu daga er eflaust ekki úr vegi að spyrja hvort til standi að taka upp kynjakvóta inn í sýninguna. „Nei nei, það eru bara haldnar herna prufur og þeir sem standa sig best, hafa tíma og passa í hlutverkin komast inn. Það gætu samt talist gleðifregnir fyrir marga að Grýlurnar koma til með að skipa mun stærri sess í sýningunni en þær gera í upprunalegu sögunni“ - segir Pétur Geir. Nú er ljóst að hér er um mikið ferli að ræða, en hvenær skyldi sýningin fara fyrst í loftið? „Þetta fer allt á fullt núna á næstu dögum, en frumsýningin fer fram á Nemendamótsdegi Verzló þann 6. febrúar. Það verður nóg að gera fram að því og þegar nær dregur setjum við upp öflug Facebook síðu, þannig að við hvetjum fólk til að fylgjast vel með.“

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 1** stúlka hefur átt sæti í sigurlíði í Gettu Betur.
- 6** einstaklingar greinast með klamedíu á hverjum degi.
- 18** ára ákvað forsíðu-fyrirsætan að hætta að ljúga.
- 2** nýjir bloggarar hafa bæst við Trendnet hópinn.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjórn:
Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Bláðamenn: Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is), Rósa María Árnadóttir (rosamaria@monitor.is), **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Gollí (gollí@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson í **fæðingarorlofi:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is)
Útgefandi: Árvakur
Prentun: Landsprent **Sími:** 569 1136

ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Læknir, ég er sybbin!

Hæ, ég heiti Anna Marsibil og ég er B-manneskja. Ég á erfitt með að vakna á morgnanna, finnst betra að fara seint að sofa og er afkastamest milli átta og tólf á kvöldin.

Samfélagið hefur alltaf sent mér skýr skilaboð um að þessi B-mennska mín sé með öllu óásættanleg. Ég hef reynt hvað ég get til að leiðrétta þessa hrikalegu hegðun og það hafa komið bæði styttri og lengri tímabil þar sem ég hef verið einkennalaus, en B-bölvunin kraumar alltaf undir niðri.

Morgunsól sumarsins er líklega besta mót-efnið við þessari fötlun minni. Það er eins og ég þurfi minni svefn á sumrin þegar sólin bæði vekur og vaggar í svefn. Með haustinu finn ég hinsvegar að það verður sífellt erfiðara að ná stírunum úr augunum og oftar og oftar játa ég mig sigraða í því sem ég yti í sjöunda skipti á

„snooze“. Kannski var ég björn í fyrra lífi og hef bara enn ekki vanið mig af því að leggjast í hýði.



Ég tilheyr minnihluta-hóp innan samfélagsins sem getur ekki kvartað yfir bágunum kjörum því þegar upp er staðið erum við bara haugar í augum A-fólksins. Og líklega er það bara rétt.

Ég lifi samt í þeirri von að einhverjum daginn verði B-heilkennið uppgötvad og að ég fái greiningu og vottorð. Í leiðinni myndi ég vonandi fá vottorð fyrir tímaskynsvillu, frestunaráratu og ofnæmi fyrir uppvaski.

Með von í hjarta, Anna Marsy



VIKAN Á FACEBOOK

Atli Fannar Bjarkason
Liður eins og íhöldssömu gamalmenni vegna þess að ég hef hvorki notað fylgju né sæði í matargerð. Takk, fjölmiðlar
18. september kl. 19:06

Vera Lindal Guðnadóttir
Í dag byrjuðum við aftur með Heilahristing á vegum Rauða krossins, en það starf felur í sér að hjálpa grunnskóla nemendum að læra heima. Sem er kannski ekki frásögufærandi, nema hvað... Nú er ég byrjuð á nýjum stað og þar af leiðandi þekki ég engan. Ég sit í sófanum og bið eftir krökkunum þegar að indæl samstarfskona mín um fimmtugt (svo ég giski nú á hennar aldur á móti) labbar upp að mér og segir með fögrum rómi: "Sæl vina mín, hvað ætlar þú að læra í dag?" ... "Tjah.. Ég er nú reyndar 25 ára gömul" ... Fínt að byrja samstarfið á hressilegu hláturskasti
25. september 16:19

Stefán Ólafur Stefánsson
Ætli það sé ekki allt morandi í störtum köttum niðri á Reykjavíkurlflugvelli núna. Fólk býið að hirða upp alla svarta ketti í borginni til að fá 100 þúsund kall. #LeitinaðNuk #Myndiskilaminuminn. 24.september kl. 23:15
www.facebook.com/monitorbladid

Nokkrir punktar úr Sálarsögunni

Sálin hans Jóns míns fagnar 25 ára afmæli í ár og því skal fagnað með viðhafnartónleikum í Hörpu þann 9. nóvember. Sálin leit yfir ferilinn og deildi minnisstæðum augnablikum með **Monitor**.



10. MARS 1988
Soul-sveitin Sálin hans Jóns míns kemur fram í fyrsta skipti í Bíókjallaranum við Lækjargötu. Húsið var síðar rífið eftir bruna en annað reist og er Grillmarkaðurinn nú á þessum reit.

OKT. 1989
Platan „Hvar er draumurinn?“ kemur út og veldur straumhvörfum í sögu sveitarinnar sem þar með tekur aðra stefnu en í upphafi, þegar hún flutti að mestu efni eftir aðra.

MAÍ 1995
Sálin kemur fram eftir tveggja ára hlé, en áhangendur höfðu óttast að bandið myndi jafnvel ekki starfa aftur. Næstu fjögur árin búa þó nokkrir lykilmenn erlendis og starfsemin því takmörkuð.

JÚNÍ 1992
Platan Garg kemur út og inniheldur marga af stærstu smellum bandsins, m.a. Hjá þér, Krókin og Sódóma. Hið síðastnefnda hefur upp frá því verið eitt vinsælasta lag sveitarinnar og var fyrir skemmstu kjörið mesta stuðlag Íslandssögunnar í fjölmennri kosningu.

12. AGÚST 1999
Sveitin heldur fræga tónleika í Loftkastalanum með s.k. „un-plugged“ formerkjum. Þeir eru hljóðritaðir og verður platan geysivinsæl, sem og lögin Okkar nótt og Orginal. Með útgáfunni fá Sálverjar nýjan og sterkan vind í seglin og áhangendahópurinn stækkar.

NÓV. 2002
Sálin heldur tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar er nær eingöngu frumflutt nýtt efni, sem þótti djörf hugmynd. Efnið kemur síðar út á plötu og fær góðar viðtökur.

11. JAN. 2003
Söngleikurinn Sól og Máni frumfluttur í Borgarleikhúsinu. Hann er byggður á plötunum Annar máni og Logandi ljós, sem út komu árin 2000 og 2001.

OKT. 2005
Platan Undir þínum áhrifum kemur út. Titillagið nær miklum vinsældum og féll fljótt í hóp klassískra Sálarlaga. Þann 5. nóv. heldur sveitin útgáfutónleika í Kaupmannahöfn, þangað fljúga fimm fullar góðærisþotur ofan af Íslandi með áhangendur sem sprengja utan af sér 1.700 manna samkomuhús í gamla höfuðstaðnum.

15. SEPT. 2006
Sálin heldur tónleika í Laugardalshöll ásamt Gospelkór Reykjavíkur, þar sem sérvalin Sálarlög eru klædd í gospelbúning. Plata með upptöku frá tónleikunum kemur út í nóvember og selst geysivel.

18. APRÍL 2007
Sálin og Stuðmenn halda sameiginlega tónleika í Cirkus-byggingunni í Kaupmannahöfn. Þangað streymir fólk ofan af Íslandi og gerir sér glatt kvöld á hátindi bankabólunnar.

14. MARS 2008
Sálin fagnar 20 ára afmæli með tónleikum í Laugardalshöll. Koma þar saman 7.000 manns, sem er líkast til mesti fjöldi sem þangað hefur inn komið frá því að Led Zeppelin tróðu þar upp snemma á áttunda áratugnum.

13. NÓV. 2010
Sálin sendir frá sér plötu ásamt Stórsveit Reykjavíkur, þar sem spunnid er saman ólíkum tónlistarstílum. Sveitirnar halda samdægurs eftirminnilega útgáfutónleika í Laugardalshöll.

PSSST... TRYGGÐU ÞÉR MIDA Á AFMÆLISTÓNLEIKANNA STRAX Í DAG MEÐ ÞVI AÐ FINNA FORSÖLUHLEKINN Á FACEBOOK-SÍÐU SÁLARINNAR

FOCUS

Nýi orkudrykkurinn...
þessi öfluggi án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík
innihaldsefni
- virkar
samstundis

Fæst í helstu apótekum, brokkoli.is



Kyn(fr)óðir læknanemar

Læknanemarnir í Ástráði sinna forvörnum gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum. Meðal annars heimækir **Ástráður** flesta framhaldsskóla landsins og veitir kynfræðslu á jafningja-grundvelli. **Monitor** fékk læknanemana til að sýna vel valin handtök og deila úr viskubrunninum.

ÖRYGGIÐ Á ODDINN

- Smokkurinn er eina getnaðar- OG kynsjúkdómavörnin.
- Ef þér finnst smokkurinn vera vesen, hvað með klamydíu og kynfæravörtur? Það er mjög mikið vesen.
- HPV veirur (sem valda kynfæravörtum) geta valdið leghálskrabbameini hjá stelpum/konum. Reikna má með að flestir sem stundað hafa kynmök smitist e-n tíma á ævinni af HPV. Ef þú ert stelpa og orðin 20 ára er því afar mikilvægt fyrir þig að fara í leghálskrabbameinsleit á 2 ára fresti.
- Kynsjúkdómar eiga það sameiginlegt að vera flestir einkennalausir en einstaklingur með einkennalausan kynsjúkdóm getur samt smitað aðra.
- Ógreind kamydía og lekandi geta valdið ófrjósemi hjá stelpum og strákum og munið, þessir kynsjúkdómar eru mjög oft einkennalausir.
- Það greinast u.þ.b. 6 á dag með klamydíu. Athugið: greinast, ekki smitast.
- Á síðustu árum hefur tíðni krabbameins í munni og koki aukist og er talið að það sé vegna kynfæravörtusmita við munnmök.
- Hægt er að fara í tékk m.a. á heilsugæslustöðvum og á Húð og kyn (deild A-1 Landspítala Fossvogi).
- Kynsjúkdómar geta smitast með munnmökum. Notið smokkinn við munnmök!
- Fyrstu merki um smokknotkun í Evrópu eru hellateikningar í Frakklandi frá 100-200 e. Krist
- Hormónagetnaðarvarnir (t.d. pillan, hringurinn, sprautan og lykkjan) verja ekki gegn kynsjúkdómum.
- Kynsjúkdómar smitast með snertingu slímhúða. Þeir smitast ekki af klósettsetum, við það að drekka úr sama glasi og smitaður o.s.frv.
- Ef þú ert strákur og vilt stunda öruggt kynlíf er smokkurinn síðasta skrefið sem þú getur tekið til að koma í veg fyrir barneignir.
- Svokallað „pull-out“ (taka typpið út áður en sáðlát á sér stað) dugur ekki til að koma í veg fyrir þungun því það eru alltaf einhverjar sáðfrumur eftir í rásinni frá síðasta sáðláti. Mundu, það þarf bara eina sáðfrumu til að búa til barn.

Viltu fá svar við spurningu?

Ástráður svarar öllum spurningum með brosi á vör og er fullri nafnleynd ávallt gætt. Netfangið er leynd@astradur.is. Á heimasíðunni, www.astradur.is, er einnig margt fróðlegt að finna og það er um að gera að láta sér líka við Ástráð á Facebook.



SJÁLBOÐALIÐAR ÁSTRÁÐS VITA ALLT UM KYNSJÚKDÓMA

Myndir/Eggert

ER EKKI ALLT Í STANDI?



1 Finndu til smokkinn þegar farið er að hitna í kolunum.



2 Athugaðu alltaf dagsetninguna á smokknum. Ef hann er útrunninn er hann líklegri til að rifna.



3 Ýttu smokknum til hliðar í pakkingunni og rífluðu svo á rífluðu hliðinni (ekki nota skæri)



4 Svona á smokkurinn EKKI að snúa. Hann lítur út eins og pelatúttu og það minnir mann á börn.



5 Svona á smokkurinn að snúa. Hann lítur svolítið eins og mexikóhattur og það þýðir eitthvað skemmtilegt! Svo er líka miklu auðveldara að rúlla honum niður þegar hann snýr svona.



6 Typpið þarf að vera í reisu þegar smokkurinn er settur á. Nú skaltu halda fyrir totuna á smokknum til þess að lofttæma (annars rifnar hann frekar) og byrja að rúlla honum niður.



7 Rúllaðu smokknum alveg niður.



8 Nú er allt tilbúið!

Mundu svo að halda við smokkinn þegar typpið er tekið út, þá eru minni líkur að hann rúlli af typpinu. Settu svo pappír utan um hann og hentu í ruslið, ekki í klósettið.

ÍSLENSKA
**HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN**
2010



Í TÍLEFNI AF 25 ÁRA AFMÆLI SÁLARINNAR HANS JÓNS MÍNS

DRAUMURINN

SÁLIN GETUR HÆTT AÐ LEITA - DRAUMURINN ER FUNDINN



140 gr. steikarborgari úr íslenskri nautalund.

Borinn fram „nakinn“ í sesamlausu brauði með bræddum osti
og himneskri Trufflubernaissesósu. Franskar fylgja.

ATH! Draumurinn er eldaður Medium Rare af augljósum ástæðum

*

TOPPAÐU DRAUMINN MEÐ SNEIÐ AF FRANSKRI ANDALIFUR (FOIE GRAS)

Borðapantanir 575 7575 | fabrikkann@fabrikkann.is

„Þetta er algjörlega þess virði að prófa“

Katrín Ósk Ásgeirsdóttir er nítján ára gamall nemandi við **Flensborgarskólann**. Hún er formaður nemendafélagsins og situr í MORFÍs liði skólans.

Kynjakvóti er mjög umdeilt hugtak og hefur verið hátt á lofti í fjölmiðlum og menntaskólum síðustu daga. Fólk er með mjög skiptar skoðanir á þessu máli, sumum finnst þetta vera óréttlæti og jafnvel ganga þvert á kenninguna „þeir hæfustu lifa af“, en öðrum finnst þetta vera hvatning fyrir stelpur til þess að taka þátt og stuðla að jafnara samfélagi.

Mér finnst þetta vera gott skref fram á við til þess að jafna hlutverkaskiptingu kynjanna í samfélaginu öllu, hvort sem það er í skólum, á vinnumarkaði eða á öðrum sviðum samfélagsins. Hægt er að líta á þetta þannig að með kynjakvóta sé verið að opna á áður „lokaðan“ grundvöll fyrir stelpur, núna ættu stelpur að hætta að líta á þetta sem strákakeppni og láta til skara skríða. Þegar maður er fylgjandi kynjakvóta þá er maður oft spurður að því hvort manni finnst sanngjarnt að stelpur séu einungis teknar inni lið vegna þess að þær séu stelpur en ekki af því að þær voru hæfstar, við þessu er einfalt svar: Í staðinn fyrir að stelpur séu að einblína á að þær hafi einungis verið teknar inn í liðið vegna kynjakvóta þá eiga þær að líta á það sem tækifæri



til þess að sýna hvað í þeim býr og að þær hafi jafn mikinn rétt á að vera í þessari stöðu og hver annar, sem að þær auðvitað hafa.

Eftir ítrekaðir tilraunir síðustu ára við að reyna að opna þennan vettvang fyrir kvenmenn tel ég þetta vera endastöð, tilraunirnar hafa borið lítinn sem engan árangur og ég tel þetta vera gott inngríp til þess að jafna kynjaskiptingu til dæmis í Gettu Betur. Í hinum ýmsu greinum er talið að ástæðan fyrir kynjahallanum í Gettu Betur sé ekki að þetta sé stráka keppni heldur að stelpur hafi einfaldlega bara ekki haft áhuga á keppninni sjálfri. Ég tel að það sé vegna þess að það er skortur á kvenfyrirmyndum í keppninni þar sem að einungis örfáar stelpur hafa tekið þátt í henni frá upphafi, og í rauninni finnst stelpum lítt grundvöllur fyrir því að taka þátt því þær hafa sjaldan séð stelpur taka þátt af fullum krafti. Persónulega finnst mér þessi frumraun Gettu Betur með kynjakvóta vera frábært skref, og þetta er eitthvað sem er algjörlega þess virði að prófa og sjá hvernig útkoman verður. Vonandi er þetta skref til hins betra og þá í framhaldi að kynjakvóti verði tekinn upp á fleiri sviðum.



MEÐ

„Komst hún einungis í liðið af því að hún er stelpa?“

Sigrún Dís Hauksdóttir er átján ára gamall nemandi við **Verzlunarskóla Íslands**. Hún situr í málfundafélagi skólans og er einnig í stýrihóp Gettu Betur.

Samfélag okkar er enn að mörgu leyti karlasamfélag. Mér finnst rétt að beita kynjakvóta tímabundið til að flýta fyrir jafnri stöðu kynjanna þar sem hann á rétt á sér, til dæmist hjá þeim sem stjórna landinu okkar. Að setja kynjakvóta á keppnislið Gettu betur finnst mér hins vegar ekki eiga rétt á sér. Þessi aðgerð er niðrandi fyrir kvenkyns keppendur og er ósanngjörn fyrir þann aðila sem er tekinn úr liðinu vegna kvótans. Auk þess finnst mér þetta vera óþolinmæði. Tímarnir eru að breytast.

Áður fyrr voru keppendur í Morfís í meirihluta strákar en það er að breytast með nýju hugarfari. Skilaboð voru send í samfélagið um að stelpur væru jafn sannfærandi og strákar og það þurfti engan kynjakvóta til. Tímarnir eru að breytast.

Liðstjóri Gettu betur liðs okkar í Verzló er stúlka. Hún komst í þá stöðu vegna þess að hún mætti í forprófið. Á næstu árum munu einhverjir eflaust varpa fram spurningunni „Komst hún einungis inn í liðið af því að hún er stelpa?“. Það er niðrandi fyrir hana og fleiri kynsystur okkar sem komast í liðin á næstu árum. Stelpa sem kemst í liðið af því að hún er hæfust vill ekki vera kölluð „kvótastelpa“.

Það er í umræðunni að spurningarnar höfði betur til stráka heldur en stelpna. Er eingöngu verið að spyrja um Grand Theft Auto, motorcross og enska boltann? eru þetta „strákasurningar“? Þarf að bæta við „stelpusurningum“? Hvernig spurningar eru það? Ég veit ekki betur en að spurningarnar í keppninni dreifist niður í hefðbundna þekkingarflokka; sögu, landafræði, raungreinar, bókmenntir, stjórnmál, íþróttir, listir o.s.frv. eru þessir flokkar ekki þeir sömu og í skólum landsins þar sem stelpur eru í meirihluta? Ég tel að munurinn liggja ekki í spurningunum heldur frekar almennum áhuga kynjanna á að taka þátt.

Í háskólunum eru yfir 60% nemenda stelpur. Þær eru í meirihluta í öllum deildum nema Verkfræðideild. Í

forritunarkeppni framhaldsskólanna eru kvenkyns keppendur hins vegar undir 10% þátttakenda. Er þessi ógafulli munur eingöngu vegna þess að það er „strákastimpill“ á verk- og tölvunarfræði eða einfaldlega vegna mismunandi áhugasviðs kynjanna? Hafa strákar ekki bara meiri áhuga á að taka þátt í Gettu betur en stelpur? Stelpur hafa mikinn áhuga á að taka þátt í Söngkeppni Framhaldsskólanna sem er ekki síðri áskorun, en þar er hlutfall kvenna um 2/3. Viljum við ekki hafa jafnt hlutfall flytjenda í Söngkeppni framhaldsskólanna?

Ef fimm fremstu söngvarar skólans eru stúlkur ættu þær þá að víkja fyrir dreng sem er ekki jafn hæfur því árið á undan tók stúlka þátt? Þó svo að sjö strákar skori hæst á Gettu betur forprófinu kemst stelpa með áttundu hæsta árangurinn inn í liðið, vegna þess að hún er kvenkyns. Stelpur vilja ekki komast í liðið á þessum forsendum og kynjakvótinn gæti fælt stelpur frá keppninni.

Mér finnst 10% launamismunur kynjanna vera álíka ósanngjarn og að ef kennarar myndu lækka einkunnir kvenna í skólum um einn heilan. Val í Gettu betur liðið fer hins vegar fram á sanngjarnan hátt. Ef stúlku finnst ekki eftirsóknarvert að mæta í forprófið er hún einfaldlega ekki tilbúin að keppa í Gettu betur. Yfirlesari prófanna dæmir nemandann einungis út frá hæfni. Allir nemendurnir hafa jafna möguleika óháð þáttum sem þeir ráða engu um, svosem kyni. Það er jafnrétti.

Í lögum er kynjakvóti hugsaður sem tímabundin leið til að leiðrétta ójafnvægi kynjanna. Í Morfís lagaðist þessi hlutur án kynjakvóta. Stelpurnar sem eru þar í dag standa stoltar í púltinu enda komust þær þangað á eigin forsendum. Sýnum smá þolinmæði. Ef ójafnvægi kynjanna í Gettu betur er afleiðing karlasamfélagsins en ekki mismunandi áhugasviðs kynjanna hef ég fulla trú á því að stelpur muni sjáast meira í keppninni á næstu árum, ég tel ekki þurfa kynjakvóta til þess. Tímarnir eru að breytast.




MÓTI

GETTU BETUR

Kvótakerfið í breytttri mynd

Monitor fór á stúfana og fékk tvær framhaldsskólastúlkur til að tjá sig um kynjakvóta í Gettu betur, en þær eru á öndverðum meiði hvað varðar afstöðu til málsins.

HRADASPURNING



Spéfuglinn Björn Bragi Arnarsson mun taka að sér að spyrja framhaldsskólanema spjörnum úr (þó ekki bókstaflega) sem spyrill í spurningakeppninni **Gettu betur**. Björn Bragi var sjálfur í sigurliði Verzlunarskóla Íslands í keppninni árið 2004 og því þótti Monitor ekki úr vegi að leggja fyrir hann **10 hraðaspurningar**. Herrann var heldur hægur með spurningarnar þó svo að hann stæði sig vel en aðspurður segist hann verða mikið öruggari í **spyrilshlutverkinu** þar sem þá muni hann vita svörin fyrirfram.

1. Hvað kallast dansinn sem Miley Cyrus dansaði á VMA hátíðinni í ágúst?
- Hann heitir twerk eða twerking. **RÉTT**



2. Hver er núverandi formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands?
- María Rut... Kristinsdóttir held ég. **RÉTT**

3. Hvaðan er ungstirnir Justin Bieber?
- Kanada. **RÉTT**

4. Hvernig stafar maður eftirnafn eiginkonu forseta Íslands.
- M-O-U-S-S-A-I-E-F-F. **RÉTT**

5. Hvaða íþróttavörumerki endurnýjaði nýverið samning sinn við spretthlauparann Usain Bolt?
- Æi, ég er að hugsa Adidas en líka Nike... jafnvel Puma. Segjum Adidas. **RANGT**



6. Hvað var yngsti þingmaður lýðveldisins, Jóhanna María Sigmundsdóttir, gömul þegar hún var kosin á þing?
- Var hún orðinn 22 ára? Ég segi að hún hafi verið á tuttugasta og öðru aldursári. **RÉTT**


7. Hvaða ríki eiga landamæri að Flórída?
- M-O-U-S-S-A-I-E-F-F. **RÉTT**

- Georgia og Alabama. **RÉTT**

8. Í hvaða á er Selfoss?
- Ölfusá. **RANGT**

9. Hvaða ár fékk Noregur sjálfstæði?
- Er þetta eitthvað sem maður á að vita? Ég veit ekki neitt, skýt á 1847. **RANGT**

10. Hvaða körfuboltaáhrif lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Space Jam frá 1996?
- Það var Michael Jordan. **RÉTT**



7/10

Rétt svör: 1. Twerk, 2. María Rut Kristinsdóttir, 3. Kanada, 4. M-O-U-S-S-A-I-E-F-F, 5. Puma, 6. 21 árs, 7. Alabama og Georgia, 8. Jökulsá á fjöllum, 9. 1905, 10. Michael Jordan.

VISSIR ÞÚ...

...að í aðeins ein stúlka hefur keppt í Gettu betur fyrir hönd MR?

...að fulltrúar MR, Kvennó og MH studdu studdu tillögu Ríkisútvarpsins um kynjakvóta en fulltrúar Verzló ekki.

...að í þau 28 ár sem keppnin hefur verið haldin,

- hafa 19 sinnum verið karlkynsdóm- arar, 7 sinnum konur og 2 sinnum bæði kynin.

- hafa 20 sinnum verið karlkyns- spyrjar, 6 sinnum konur og 2 sinnum bæði kynin.

...að karlmenn hafa gegnt stöðu stigavardar í 3 ár af þeim 19 sem embættið hefur verið til.

...að eina stúlkan sem hefur átt sæti í sigurliði er Laufey Haraldsdóttir og hún keppti fyrir Kvennó árið 2011.



ALLT FYRIR HALLOWEEN OG GRÍMUBÖLL



Augnlitir



XtremeEyes

Vampírutennur



SCARECROW

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verlun og vefverlun
Laugavegi 69 S. 551-7955

SAFAR OG BOOZT Í FRÍSKLEGUM LITUM



BANANA JARÐARBERJA SAFI

Jarðarber eins og rauðar varir.
Banani eins og bros í laginu.
Þetta kemur allt heim og saman
í munninum. Ávöxturinn er
blanda af orku og ánægju.



HINDBERJA MANGÓ SAFI

Af hverju laðast hindberin að
mangóinu? Hvað sér mangóið
í hindberjunum? Eitt af þessum
samböndum sem enginn skilur.
En útkoman er unaðslega góð.



TROPICAL BLÁBERJA SAFI

Við stillum blandarann á minnsta
snúning svo hann hitni ekki um
of. Suðrænar ástríður og bláber
sem eru að springa af orku.
Svalandi í hitanum.



JARÐARBERJA BOOZT

Jarðarberjaplantan er af rósaætt.
Hér færðu dásamlega fallegan
vönd af þessum rauðu, sætu,
safaríku aldinum. Þetta er
ástarjåtning í glasi.



LÉTT SKÓGARBERJA BOOZT

Skógardísirnar dansa létt milli
trjána og tína skógarber
í bastkörfur. Leyndarmálið á bak
við fínlegan vöxt þeirra er þessi
þyngdarlausu drykkur.



GRÆNN SPÍNAT OFURSAFI

Hvor mundi vinna ef Hulk færi í
sjómann við Stjána bláa? Um það
er erfitt að spá en þeir mundu fá
sér einn svona eftir átökin.
Hrikalega góður.



SUÐRÆNN ANANAS MANGÓ BOOZT

Havaískyrtan blaktir í svalandi
golu af hafi. Einhver spilar á
úkúlele í fjarska. Hvergi ský
á himni og sætur ilmur í loftinu.
Viltu rör?



MORGUN BOOZT

Vekjaraklukkan er bara tæki sem
segir þér að fara á fætur. Það
tekur lengri tíma að vakna.
Hér er morgunhressing sem
vekur þig almennilega.




GRÆNT OFURBOOZT

Nú til dags gengur allt út á
græna orku. Grænar jurtir draga
til sín ákveðnar ljósbylgjur frá
sólinni. Þaðan kemur krafturinn í
þennan ofurdrykk.

„Hvalurinn kom til mín í draumi“

Guðmundur Arnar Guðmundsson hlaut í sumar dómnefndarverðlaun á Cannes kvikmyndahátíðinni fyrir stuttmynd sína Hvalfjörður. Hann ræddi við **Monitor** um kvikmyndagerð, Cannes upplifunina og skrautlega barnæsku í Árbæjarskóla.





*Síðasta
sem ég...*

Síðasta borg sem ég
heimsótti: Stókkhólmur

Síðasta markmið
sem ég setti mér: Vera
góður faðir og ferðast
um Asíu á bifhjóli.

Síðasta knús sem ég
gaf: Strákurinn minn.

Síðasta sósa sem ég
fékk mér: Súkkulaði.





UPPÁHALDS

Matur: Villibráð.
Staður: Hálandið.
Sósa: Hennar mömmu.
Tónlistarmaður: Í augnablikinu Ólafur Arnalds.

KVIKMYNDIR

Uppáhaldskvikmynd: Happy Together.
Besti leikstjóri heims: Margir frábærir.
Besta íslenska kvikmynd: Svo margar góðar, Eldfjall er ein af þeim.
Versta mynd sem ég hef séð: Svo margar vondar.

að tala horfði ég hins vegar á hann og glotti og reyndi alltaf að ögra honum meðan hin sáu ekki. Að lokum náði ég að espa hann svo mikið upp að hann algjörlega sprakk og öskraði: „Sjáið þið þetta, hann er að gera grín að mér!“.

Mamma og félagsráðgjafinn vissu auðvitað ekkert hvað var í gangi á þessum tímapunkti, en þetta endaði með því að ég var sendur út á meðan þær húðskömmuðu skólastjórnann fyrir æsinginn. Til að gera langa sögu stutta var ég ekki rekinn og var aldrei aftur sendur til skólastjórnans. Ég fór bara til aðstoðarskólastjórnans upp frá þessu.

Hvenær lauk þessu skeiði?

Sem krakki og unglingur tók ég síðan þá ákvörðun að fyrir tvítugt yrði ég að byrja að verða ábyrgðarfullur. Svona um átján ára aldur sá ég að það væri tími til að skilja við þessi unglingsár og byrja að taka ábyrgð og þá breyttist ég bara mjög mikið. Í dag get ég hreinlega ekki logið, ég held að ég hafi lært það í gegnum tíðina að það borgar sig að vera heiðarlegur og takast á við hlutina strax frekar en að koma sér í einhver vandræði.

Maður má ekki vera hræddur við að gera mistök.

Sagan segir að Árbærinn sé harðasta hverfi Reykjavíkur, bauð hann ekkert upp á þessa glæpastarfsemi sem þú stefndir á?

(Hlær) Árbærinn var reyndar mjög villtur á þessum tíma og það voru strákar þarna sem voru með læti. Besti vinur minn var líka mesti slagsmálhundurinn í skólanum, mjög góður strákur en algjör slagsmálhundur. Þannig var þetta, það voru nokkrir strákar þarna sem voru bara slagsmálhundur og svo hópast restin í kringum þá án þess að vera beint að taka þátt. Það mættu kannski þrjúhundruð krakkar í einhver hópslagsmál í Kringlunni en í raun og veru ætluðu bara tveir að slást og restin fylgdi með.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert í kvikmyndagerð hingað til?

Ég held að það hafi bara verið Hvalfjörður, það var fyrsta myndin þar sem ég ákvað að vera algjörlega fylginn sjálfum mér. Ég komst í sátt við það að myndin mætti feila og mistakast og mér var alveg sama svo lengi sem ég myndi bara gera nákvæmlega það sem ég vildi.

Nú er Hvalfjörður frekar þung mynd og ekki mikið um sprell. Er þetta svona þinn stíll?

Ekki beint, ég hef gert ýmislegt. Ég gerði t.d. eina mynd sem mér fannst sprenglæggileg. Hún hét Jefferey og Beth og mér fannst hún fánlega myndin. Svo voru hins vegar margir aðrir sem horfðu á hana og fannst hún alls ekki myndin. Ég reyni allavega alltaf að vera einlægur í því sem ég er að gera. Síðan hef ég áhuga á að vinna með krökkum og unglingum og fara í gegnum þau ár, en mér finnst sá tími áhugaverður núna. Ég held að það sé aðallega einlægni og kannski eitthvað tempó sem einkennir mig, en ekki endilega að þetta sé þungt. Það vill til að Hvalfjörður er þung, en það er líka af því að hún byrjar á mjög alvarlegu augnabliki. Ef hún hefði byrjað degi áður þá hefði hún hins vegar getað orðið miklu léttari. Þegar mynd byrjar á svona alvarlegum nótum þá er bara enginn tími fyrir sprellið.

Hvaða leikarar eru að gera bestu hlutina hérna á Íslandi?

Við eigum ótrúlega mikið af góðum leikurum, og það er mjög erfitt að segja hverjir standa upp úr. Mér finnst Ingvar E. mjög áhugaverður, svo er stelpa sem heitir Lára sem er virkilega góð leikkona og efnileg. Ég hef séð hana í Þjóðleikhúsinu og er mjög spenntur að sjá hana í fleiri kvikmyndum.

Hvað stendur til núna í nánustu framtíð hjá þér? Áttu einhver draumaverkefni?

Núna erum við að undirbúa mynd í fullri lengd sem heitir Hjartasteinn, og erum að vinna í að fjármagna hana. Svo getur líka verið að ég skjóti eina stuttmynd í Danmörku í millitíðinni. Það er svona þetta tvennt sem er á döfni eins og er.

Draumaverkefnið er svona víkingamynd sem ég er með í bakhöndinni og langar að gera einn daginn. Ég hef alltaf litið á það frekar sem framtíðarverkefni, því hún er mjög stór og mikil í framkvæmd. Þetta er saga úr mínum eigin haus sem kom bara þegar ég var að hjóla, en hún verður að veruleika einn daginn.

Hvaða ráð gefur þú ungu fólki sem langar að búa til bíómyndir?

Í fyrsta lagi er þetta ótrúlega mikil vinna. Því meiri vinnu sem þú leggur í hlutina því betur ganga þeir, alveg eins og með allt annað. Ég myndi fyrst og fremst ráðleggja fólki að byrja, fara að búa til hluti og pæla ekki of mikið. Þetta var sagt við mig líka en ég hlýddi því ekki. Ég þurfti alltaf að pæla í og úthuga hlutina mjög mikið, en það var ekki fyrr en ég byrjaði að skjóta og koma mér af stað sem hlutirnir fóru virkilega að gerast. Maður lærir langmest á að gera myndirnar og gera mistök. Það má ekki vera hræddur við mistök, maður stefnir alltaf að því að allt takist upp, en ef maður settir sig við að hlutirnir megi klikka þá fylgir maður frekar sinni sannfæringu.

25



25 ára velgengni **EDAL GINSENGS** á Íslandi

Mundu eftir
EDAL
á pakkanum!



**Eingöngu notaður
virkasti hluti rótarinnar**

*Skerpir athygli - eykur þol
Kveðjum slen og streitu*



Google leiðir á óþekktar slóðir

Hver er Karen Lind og hvað er hún að gera í lífinu?

Vinaleg ung kona með sterka réttlætiskennd. Ég hef verið að vinna í mastersritgerðinni minni undanfarna mánuði, vonandi fer því einstaklega fjöruga verkefni að ljúka.

Karen Lind

Hvað varð til þess að þú byrjaðir að blogga og hvað hefur þú verið lengi að?

Ég byrjaði að blogga árið 2005 á síðunni 123.is/frigid. Á þessum tímamarki bloggaði hvert einasta mannsbarn Íslands, þó aðallega um dagleg amstur og hvenær var farið í háttinn. Aftur á móti blogguðum við vinkonurnar um meiriháttar vitleysu sem vakti mikla lukku á þeim tíma.

Hvað bloggar þú helst um og hvert sækir þú innblástur?

Áður en ég færði mig yfir á Trendnet bloggaði ég mikið um heilsutengda þætti. Planið er að halda

UPPÁHALDS

Flik: Ég er einstaklega comfy/cosy týpa, og vel því Uniqlo úlpuna mína. Annars er lífið of stutt til að eiga uppáhaldsflik.

Matur: Nautalundur með sveppasósu og góðu meðlæti.

Borg/staður: Manhattan


Kvikmynd: Ég horfi nánast ekki á sjónvarp, en ætli ég segi ekki bara The Notebook.

Bók: The Power of Now!

á móti google-a ég út í eitt og leyfi þeirri síðu að leiða mig áfram á óþekktar slóðir.

Hvað er framundan hjá þér í haust/vetur?

Ég mun gera heiðarlega tilraun til að klára mastersritgerðina. Annars fer ég líklegast á smá flakk um heimsins höf. Ætli Miami, NY og Reading verði ekki fyrir valinu.



SJÓ AF BLOGGURUM TRENDNET
STILLA SÉR UPP



Fagnaður og fjölgun á Trendnet

Trendnet.is fagnaði ársafmæli sínu í síðustu viku. Við það tækifæri kynnti Trendnet.is tvo nýja bloggara, þær **Ásu Regins** og **Karen Lind**. Stíllinn ákvað að kynna skvísunum betur og spurði þær því spjörunum úr.



Ný Dogma búð í Kringlunni!

(á móti Símanum)



Bloggaði fyrir ömmu og afa

Hver er Ása Regins og hvað er hún að gera í lífinu?

Íslensk stelpa sem býr á Ítalíu með eiginmanni og barni. Ég kem úr mjög samheldinni og stórri fjölskyldu sem hefur mótað mig mikið og hún á stóran þátt í hver ég er. Orðin bjartsýn, örlát og spontant lýsa

Ása Regins

mér örugglega ágætlega. Hvað varð til þess að þú byrjaðir að blogga og hvað hefur þú verið lengi að?

Fyrir sjö árum kynntist ég Emil og fljótlega eftir það flutti ég með honum til Suður-Ítalíu, nánar tiltekið til Reggio Calabria. Amma og afa vildu

fá að fylgjast með þessu suðræna ævintýri og því byrjaði ég að blogga fyrir þau. Á hverjum degi þegar þau mættu í vinnuna kaktu þau á síðuna mína og ef mig minnr rétt byrjuðu eða enduðu flestar færslurnar á kærri kveðju til ömmu og afa í Grindó. Að sjálfsögðu hafa

þau nú bæst við stóran lesendahóp Trendnet.is.

Hvað bloggar þú helst um og hvert sækir þú innblástur?

Ég blogga um allt milli himins og jarðar en það verður þó að gleðja augað, vera sniðugt eða skemmtilegt og/eða til góðs, það eru svona grunnskilyrðin.

Átt þú þér sjálf uppáhaldsbloggsíðu, að trendnet.is undanskilinni?

Já og hún heitir því merkilega nafni „They-AllHateUs.com“. Ég mæli með henni.

Hvað er framundan hjá þér í haust/vetur?

Mitt stærsta verkefni er að ala upp tveggja ára son minn, sinna honum af alúð, fæða hann og klæða.

Svo þegar tækifæri gefst læri ég ítölsku og skrifa um eitthvað skemmtilegt og deili með lesendum Trendnet.is. Einnig tek ég reglulega á móti gestum og sinni öðrum litlum verkefnum sem ég hef verið að taka að mér. Aðra hverja helgi mæti ég svo á Stadio Bentegodi og styð mitt lið og minn mann, Emil og knattspymuliðið Hellas Verona. Ef ég þekki mig síðan rétt mun ég líka eyða talsverðum tíma á veitinga- og kaffihúsum Veronaborgar með skemmtilegu fólki, það eru góðar stundir sem mega ekki gleymast.

UPPÁHALDS

Flik: Mr & Mrs Furs úlpan mín góða.

Matur: Pata Negra. Það er dýrasta hráskinka í heimi og ég skil hvers vegna. Færeyskt skerpijöt og hvalspik er líka ofarlega á listanum en Færeyingar skilja það, ekki Íslendingar.

Borg/staður: Ísland, Ítalía og Grikkland. Get ekki gert upp á milli.

Kvikmynd: Shawshank Redemption

Bók: Kirkja Hafsins eftir Ildefonso Falcones.



Grænt te er ríkt af andoxunarefnum,
einnig fáanlegt í töfluformi.

Græna teið sem allir eru að tala um!




PharmaGreen®

Þú finnur fróðleik og spennandi
uppskriftir af „smoothies“
með grænu tei á:
www.pharmagreen.dk

**KÓSÍ**

PEYSA: PRIMARK.
BOLUR: GALLERÍ 17.
BELTI: GAMALT FRÁ MÖMMU.
BUXUR: AMERICAN APPAREL.
SKÓR: GAMALT FRÁ MÖMMU.
HÁLSMEN: URBAN OUTFITTERS.

**SPARI**

SKYRTA: 8OTHER STORIES.
BUXUR: MANGO.
SKÓR: 8OTHER STORIES.

**HVERSDAGS**

LEÐURBUXUR: TOPSHOP.
SKÓR: NEW BALANCE.
BOLUR: ASOS.
GALLAJAKKI: SECOND
HAND-BÚÐ Í PARÍS.

**PARTÍ**

BOLUR: GAMALT FRÁ MÖMMU.
PILS: ASOS.
KIMONO: H&M.
SKÓR: ASOS.

Reynir að vera töffari

Stíllinn fékk Rós Kristjánsdóttur mannfræðinema í HÍ og ofurskvísu til að klæða sig upp fyrir fjögur mismunandi tilefni. Rós hefur alltaf fundist gaman að fylgjast með nýjum tískustraumum og segir að þykkur trefill og pels sé algjört möst fyrir veturinn.

Rós Kristjánsdóttir, hvernig myndir þú lýsa sjálfri þér og þínum stíl?

Ég myndi segja að ég væri opin og mikil félagsvera. Stíllinn minn er dömulegur, nútímalegur og ég reyni stundum að vera töffari með misgóðum árangri.

Hvað ert þú að bardúsa þessa dagana?

Ég er að læra mannfræði í HÍ og vinn á Sushisamba.

Hefur þú alltaf haft gaman af tísku?

Já, mér hefur alltaf fundist gaman að fylgjast með nýjum

tískustraumum og á erfitt með að hemja mig í verslunarferðum.

Átt þú þér einhverja tískufyrirmynd, er einhver sem veitir þér innblástur?

Ég á mér enga sérstaka fyrirmynd. Ég pikka bara hluti héðan og þaðan af tiskubloggum, tímaritum og götunni sem mér finnst flottir og blanda þeim saman sjálf.

Í hvaða búðum verslar þú helst hér á Íslandi? En í útlöndum?
Í þau fáu skipti sem ég kaupí eitthvað á Íslandi er það í Zöru,

TopShop og secondhand-búðunum (Spúútnik eða Nostalgíu). En úti finnst mér langflottast í Urban Outfitters, American Apparel, &Other stories, Asos og Monki.

Hver eru þín bestu kaup fyrr og síðar?

Ég verð að segja stjórnumerkjahálsmenið sem ég er búin að vera með nánast á hverjum degi í tvö ár, sem ég keypti í Urban Outfitters í Boston 2009.

Hvað er algjört möst fyrir veturinn að þínu mati?

Góður, þykkur trefill og fallegur pels.

ÉG ER SKOLHÆRÐHNEIGÐUR

Ég er rétt tæplega 20 ára gamall strákur úr Reykjavík. Á minni stuttu og tiltölulega viðburðalaus ævi hef ég aðeins átt eina kærustu og hún er skolhærð. Ég er þ.a.l. skolhærðhneigður. Einn af mínum bestu vinum á hins vegar kærustu sem er alveg dökkhærð og hefur verið með henni í næstum þrjú ár, þannig að hann er líklega alveg solid dökkhærðhneigður. Annar af mínum bestu vinum hefur sængað hjá fjölmörgum stelpum sem skarta hinum ýmsu höfuðtoppum í öllum regnbogans litum. Af þessu leiðir að hann er sennilega bara nokkuð opin fyrir öllu og leyfir persónunni að ráða för frekar en hárinu.

Ekkert af þessu skiptir annars neinu máli. Allavega kemur það mér ekkert við hver gírnist hvað í hverjum.

En aftur að upptalningunni. Ég hef átt nokkra góða félagi í gegnum tíðina sem eru samkynhneigðir, þ.e.a.s. strákar sem fíla aðra stráka og stelpur sem fíla aðrar stelpur. Ég hef reyndar aldrei spurt þá út í háralitspælingar en það verður að biða betri tíma. Ég kannast líka við stelpu sem er bi-sexual, hún þælir ekkert sérstaklega í kyninu heldur bara einstaklingnum. Svólítið eins og vinur minn sem fer í alla háraliti.

En eins og áðan þá skiptir ekkert af þessu mig heldur neinu máli og kemur mér varla við á nokkurn hátt. Eða afhverju ætti ég að skipta mér að því ef Jón í næsta húsi vill búa með Gísla frekar en Gíslínu?

Þarna eru reyndar (ótrúlegt en satt) ekki allir alveg sammála. Rússar vilja t.d. ekki vera að „ota þessu að krökkunum“, Gylfi Ægis ætlar að kæra „hommagönguna“ og predikaranum Franklin Graham er hálf illa við að fólk af sama kyni sé að gifta sig. Í sumum löndum eru fordómarnir meira að segja svo miklir að fólk þarf að leyna kynhneigð sinni eða flýja land.



Afhverju fólk skiptir sér af hlutum sem því kemur ekki við skilur undirritaður ekki almennilega og mun líklega aldrei gera. Líklegast er að fordómar gagnvart því óþekktu séu einhvers konar samspil ööryggis, íhaldssemi og þekkingarleysis.

Afskiptasemi af þessu tagi þykir mér þó mjög áhugaverð. Hægt væri að gera sér góðan leik úr því að færa þetta hugarfar yfir á flest allt í daglegu lífi. Gaman væri að taka t.d. upp svæna fordóma fyrir þeim sem kjósa að setja bara salt á frönsku kartöflurnar sínar í staðinn fyrir „mainstream“ kartöflukryddið. Þess má reyndar geta að George Bush stakkt upp á því að franskir kartöflur yrðu kallaðar „freedom fries“, enda er það mun amerískara og skemmtilegra. Í framhaldi af þessu er ég með mikla fordóma fyrir George Bush og öllum þeim sem nota fúkyrðið „freedom fries“. Ég hef jafnvel hugsað mér að setja upp vefsíður á veraldarvefnum boða til hatursgöngu gegn öllum þeim sem uppfefna mínar rammfrönsku kartöflur á svo grimmilegan hátt.

Þar komum við að öðrum áhugaverðum punkti. Í heiminum eru til menn og konur sem raka á sig skalla (hver gerir það sjálfviljugur?) og klæða sig upp í hvíta kufu áður en þeir arka af stað í hatursgöngu gegn þeim

sem eru öðruvísi en þeir sjálfir. Þegar undirritaður sér slíkt bíður hann jafnan eftir því að „hatarnir“ stökkvi út úr kuflunum með glimmersprengjur og bongótrommur og segi „BARA GRÍN!“ –það hefur hins vegar ekki gerst ennþá.

Ef ofangreind mál eru sett í samhengi við mat (stærsta áhugamál greinarhöfundar) þá væri umburðarlyndi humar-tempura en fordómar væru svikinn héri (þeir sem eru sólgirnir í svikinn héra þurfa virkilega að skoða sín mál).

Að öllu gríni slepptu þá eru fordómar gagnvart samkynhneigðum mikið áhyggjuefni. Það veit nefnilega enginn hvenær hommahatarar og lessulastarar snúa sér að nýjum fórnarlömbum, til dæmis skolhærðhneigðum. Og þá fyrst er ég í vondum málum.

Hersir Aron Ólafsson



italiano.is 55 12345 italiano.is 55 12345 italiano.is 55 12345



HÓPATILBOÐ

ITALIANO OG LIMO.IS

PIZZA + BJÓR
+ HÁLFTÍMA
AKSTUR FRÁ ITALIANO
Í HUMMER LIMO
3.900 Á MANN
FYRIR 10 EÐA FLEIRI

PANTA ÞARF MED
FYRIRVARA HJÁ
LIMO.IS
Í SÍMA

868 9800



30% afsláttur
af sóttum pizzum,
þú velur sjálf/ur áleggjð

20% afsláttur
af sóttum matseðilpizzum
Gildir ekki á Como og Parma

55 12345

Hlíðasmára 15 - beint fyrir ofan Smáralind



Heimsending

TILBOÐ 1

Stór pizza af matseðli og 2 l gos og þá fylgir miðstærð af Italiano plain frítt með

TILBOÐ 2

Tvær stórar pizzur með tveimur áleggjum og 2 l gos á 4.180 kr.

TILBOÐ 3

Tvær miðstærðir með tveimur áleggjum og 2 l gos á 3.580 kr.



„I confess that I have no desire to confess.“
Gran Torino

KVIKMYND

Woody Allen hefur engu gleymt

Þrátt fyrir að vera kominn af sínu léttasta skeiði hefur Woody Allen ekki slegið slöku við í kvikmyndaheiminum og er hann einkar afkastamikill, bæði í leikstjórn og sem handritshöfundur. Ekki þarf að líta lengra aftur í tímann en 5 ár til að fá staðfestingu á því og virðist hann ekki víla fyrir sér að henda sér úr leikstjórastólnum og fyrir framan myndavélina ef því er að skipta.

Nýjasta útspíl hans sem leikstjóri og handritshöfundur er kvikmyndin Blue Jasmine sem segir frá auðugri, miðaldra konu sem lendir í mikilli krísu þegar eiginnmaður hennar fer á hausinn og hún neyðist til að

flytja inn í litla íbúð systur sinnar.

Eins og í flestum myndum Allen byggir Blue Jasmine á því að kanna mannlegt



eðli og samskipti meðal fólks úr ýmsum áttum. Hér tvinnast saman á kómískan hátt yfirstéttin og verkalýðurinn og er það bráðhlægilegt á köflum að fylgjast með systrunum tveimur togast á og reyna að umbera hvor aðra, en báðar hafa þær mjög svo ólíkar skoðanir á lífinu.

Mig grunar að stjörnurnar í Hollywood berjist um það að fá að leika í myndum Allen, en eins og svo oft áður eru hér valinkunn andlit á hverju strái. Cate Blanchett leikur aðalhlutverkið sem tauga-veiklaða systirin og gerir það af miklum glæsibrag eins og hennar er von og vísa, en að mínu mati stela aukaleikararnir senunni og án þess að gefa eitthvað upp er óhætt að segja að þeir fari á kostum.

Það er erfitt að tengja ekki við Blue Jasmine á einhvern hátt þar sem hún kannar svo vel eðli mannsins og hvernig hann bregst við þegar lífið fleygir að manni beygjubolta. Woody Allen hefur engu gleymt og vonandi lifir hann í 30 ár í viðbót og heldur áfram uppteknum hætti.



BLUE JASMINE

HJÁLMAR KARLSSON

MMMMM

ORIGINALS
JAKKI 13.900

JACK & JONES
KRINGLAN / SMÁRALIND



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Svona er Sanlitun

Opnunarmynd RIFF í ár er glæný mynd eftir Róbert Inga Douglas, Svona er Sanlitun (This is Sanlitun). Róbert sló í gegn með myndinni Íslenski draumurinn árið 2000 og hélt sínu striki með myndunum Maður eins og ég (2002) og Strákarnir okkar (2005). Svona er Sanlitun er gamanmynd um enskan lukkur-

iddara sem reynir að „meikaða“ í Peking, fyrst sem kaupskýslumaður og síðan sem enskukennari. Ef meðlimir Spinal Tap hefðu ákveðið að vera kaupskýslumenn og enskukennarar í Kína á svipuðum tíma og Woody Allen gerði fyrstu myndirnar sínar hefði útkoman orðið Svona er Sanlitun... eða næstum því. Myndin

Leikstjóri: Róbert Ingi Douglas
Helstu leikarar: Carlos Ottery, Christopher Loton, Ai Wan
Aldurstakmark: Öllum leyfð.
Aðeins sýnd tvisvar: Í opunarhófinu í stóra sal Háskólabíós 26. sept kl. 20 og 29. sept kl. 15 í Háskólabíó.

var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto fyrr í september en kemur nú á RIFF.

VILTU VINNA MIÐA?
facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR

FIFA 14
MMMMM

Tegund: EA Sports
PEGI merking: 3+
Útgefandi: EA Sports
Dómar: 8 af 10 – Eurogamer.net, 9 af 10 – IGN.com, 8 af 10 – Gamespot

Stöngin inn...

Það eru nokkrir fastir punktar í tilverunni, Jólin koma í desember, sólin kemur á sumrin (yfirleitt), ég kem eftir 2 mínútur og Fifa kemur í september. Þetta árið er það Fifa 14 sem gleður knattspyrnuaðdáendur um allan heim, en hann var að koma út frá EA Sports.

EA Sports hafa haft algjöra yfirburði þegar kemur að lúkki og spilun fótþoltaleikja og er það allt til staðar í þessari nýju útgáfu. Það er engin umbylting í þessari útgáfu, en allt sem er nýtt í leiknum passar honum vel og þjónar sínum tilgangi.

Stærstu breytingar leiksins eru aðallega á fjórum sviðum. Fyrst er það varnarleikurinn, en nú er það þannig að ef varnarmenn missa sóknarmanninn framhjá sér fá þeir annað tækifæri til að elta hann uppi og stoppa sóknina. Önnur breyting snýr að hegðun boltans, en nú er hann miklu lausari en áður og límist ekki við fætur leikmanna. Þetta gerir það að verkum að vanda verður betur til þegar gefnar eru sendingar og boltanum er spilað. Þriðja stóra breytingin er skottækni leikmanna, en skotin í leiknum eru nú mun fjölbreyttari og skapar þetta



mun meiri stemmingu og eykur líkur á flottum mörkum. Fjórða stóra breytingin er svo bætari gervigreind, en leikmenn hugsa nú allt spil fram í tímann og hlaupa í svæði og hegða sér mun raunverulegra en áður.

Ofan á þetta leggst bætari netspilun og svo stór breyting á þeim hluta leiksins sem margir eru farnir að spila núna eða Ultimate Team. En þar geta leikmenn keypt svokallaða leikmannapakka og sett upp sitt draumalið.

Grafíkin hefur verið bætt til muna og er nú til að mynda Gylfi Sigurðsson kominn með sitt rétta útlit inni leikinn. Einnig er flottari grafík í leikmönnum almennt og hreyfingarnar raunverulegri en áður.

EA Sports hefur tekist enn eitt árið að koma með góðan Fifa leik og er þessi nýjasti leikur algjör skyldueign, en hann einfaldlega sýnir manni hversu tölvuleikir geta verið lifandi og skemmtilegir.



Í dag hefst RIFF, alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík. Þetta er tíunda hátíðin og dagskráin er beinlínis smekklíffull af allskonar gúmmelaði fyrir skilningarvitin. Myndirnar eru hátt í hundrað talsins og gestir hafa tíu daga til að melta snilldina. Það veitir því svo sannarlega ekki af leiðarvísi. Monitor fór á stúfana, lagðist yfir dagskrána og fékk niðurstöðu um hvaða myndum þú mátt ekki missa af á RIFF. Þetta er þó auðvitað bara toppurinn á ísjakanum og um að gera að kynna sér dagskrána alla á riff.is.



Hvað átt þú að sjá á RIFF?



Við erum bestar! (Vi är bäst!)

Krúttleg og frökk mynd eftir Lukas Moodysson, Svíann sem færði okkur m.a. myndirnar Fucking Ámál og Lilya 4-ever. Þessi mynd sendir okkur aftur til ársins 1982 í Stokkhólmi. Við kynnumst Bóbó, Klöru og Heiðveigu, þremur 13 ára stúlkum sem flækjast um göturnar. Þær hita raspaðar fiskistangir í brauðrist meðan mamma er á barnum og stofna pönk-hljómsveit án nokkurra hljóðfæra, þrátt fyrir að allir segi að pönkið sé dauft. Þess má einnig geta að Lukas er heiðursgestur á RIFF og mun halda „masterclass“ sem frítt er inn á.



Tófuljómi - Játningar stelpugengis (Foxfire - Confessions Of A Girl Gang)

Frakkinn Laurent Cantet er annar heiðursgestur á RIFF. Hann vakti mikla athygli þegar hann fékk gullpálmann í Cannes árið 2008 fyrir myndina The Class. Sigurinn opnaði honum allar dyr og nýjasta myndin hans er Foxfire - Confessions Of A Girl Gang. Umfjöllunarefnið er leynilegt stúlknaengi í verkamannahverfi í smábæ í New York-fylki árið 1953. Stelpurnar reyna að elta ómögulegan draum, að lifa samkvæmt þeirra eigin lögum og reglum.



Innflytjandinn (The Immigrant)

Leikstjórinn James Gray er þriðji heiðursgestur RIFF í ár. Innflytjandinn er nýjasta myndin hans og er með Joachim Phoenix í aðalhlutverki. Myndin gerist í New York 1920 og fjallar um pólska stúlkú sem flytur búferlum til borgarinnar. Hún lendir í klónum á illum melludólgi, en eygir von um betra líf þegar hún kynnist bróður dólgsins, viðkunnanlegum töframanni.



Vélin sem lætur allt hverfa

Hér er eka kvikmyndahátíðarmynd eftir Tinatin Gurchiani, kvenkyns leikstjóra frá Georgíu. Hún auglýsti eftir ungu fólki, 15-23 ára, búsettu í þorpum og borgum hvaðanæva úr Georgíu. Sumir komu í leit að frægð, aðrir til að fá að segja sögu sína. Þegar hin vönglöðu viðfangsefni stara inn í afhjúpanði linsuna á upptökuvélinni leysast óvenjulegar sögur úr læðingi. Tinatin fékk leikstjórnarverðlaunin á Sundance fyrir myndina.



Líf Adele (Blue is the Warmest Colour)

Þetta þriggja tíma langa djarfa lesbíu-drama vann gullpálmann í Cannes 2013, og varð fyrsta myndin þar sem bæði leikstjórinn (Abdellatif Kechiche) og aðalleikkonurnar fengu verðlaun. Til að ná fram sem mest sannfærandi leik lagði leikstjórinn mikið á leikkonurnar. Þær hafa kvartað yfir honum opinberlega, m.a. yfir tíu mínútna kynlífsatriði sem tók tíu daga að fullkomna.



Óréttlátur heimur (Unfair World)

RIFF er með grískan fókus í ár og samtals eru fimm nýjar myndir frá Grikklandi á hátíðinni. Eins og gefur að skilja eru myndirnar í stíl við svart efnahagsástandið. Þessi mynd er kolsvört kómedía um svekta löggu, Sotiris, sem ákveður að útteila réttlætinu eftir eigin siðferðisgildum. Í viðleitni sinni til að bjarga saklausri sál gengur hann svo langt að myrða spilltan öryggisvörð.

Barnablús (Baby Blues)

Pólsk ræma um táningsstelpu hvers líf snýst á haus þegar hún eignast barn. Þetta er stigmagnandi ferðalag um glannalega litríka veröld tisku, kynlífs og eiturlyfja, og ruddalegt innlit í ungæðislegan kapítalísma Póllands.



Virðast ókunnugir (Mistaken for Strangers)

The National er virt og vinsæl rokksveit fyrir gáfumenni. Bróðir söngvarans er hinsvegar þungarokkari, sem skilur ekkert í hljómsveit bróðurins. Þungarokksbróðirinn er líka kvikmyndagerðarmaður og gerði þessa mynd um Evróputúr bandsins. Útkoman er sprenglæggileg og hefur verið líkt við hina eina sönnu Spinal Tap.



Les Apaches

Frönsk eðalræma. Á meðan þúsundir túrista ráðast inn á stendur, tjaldstæði og skemmtistaði í Korsíku, slappa fimm unglingar sem búa á svæðinu af. Eitt kvöldið fara þau inn í mannlaut glæsihýsi og eyða þar nóttinni. Áður en þeir fara stela þau ódýru dóti og tveimur verðlaunarífflum. Þegar húseigandinn kemur heim er ljóst að þjófnaðurinn mun hafa afleiðingar í för með sér.



Kynlíf, eiturlyf og skattar (Spies & Glistrup)

Þetta er sönn saga um ótrúlega vináttu tveggja alræmdra Dana: Mogens Glistrup, lögfræðings sem leiddist út í stjórnmál og hins umdeilda „ferðakóns“, milljónamærings og kvenna-bólsa, Simon Spies. Þrátt fyrir mismunandi lifnaðarhætti urðu Glistrup og Spies bestu vinir og gerðu Spies Travel að einni arðbærustu ferðaskrifstofu Skandinavíu á sjöunda og áttunda áratugnum. Krassandi sannsögulegt stöff hér á ferð.

Hulduhljómsveitin

Kajak

Hversu lengi hafið þið tvíeykið unnið að tónlist saman?

Við höfum samið tónlist saman í örugglega meira en 10 ár, allt frá draumkenndu „ambient“ yfir í rjúkandi „stoner“. Við erum frændur og höfum alist upp í tónlist saman síðan við vorum krakkar. Ég kenndi Mona fyrstu handtökin á hljóðfæri og mataði hann á tónlist frá unga aldri. Síðan þá hafa sköpunargýðjur fylgt okkur og við þróast saman í átt að hinu óendanlega fullkomna samstarfi.

Hvernig skiptið þið með ykkur verkum?

Við vinnum sameiginlega að allri tónlistinni og drögum það besta úr hvor öðrum. Samstarf okkar byggist á gagnrýni hvors annars og við köstum hugmyndum fram og til baka þangað til þær eru orðnar fullmótaðar.

Af hverju nafnið Kajak?

Tónlistin okkar sækir áhrif í heima og hefðir fornra ættbálka. Það er mikill víður í henni, en einnig er mikið vatn umlykjandi. Tónlistin er ákveðið farartæki inn í framtíðina. Því var Kajak tilvalið nafn.

Hvernig mynduð þið lýsa tónlistinni ykkar?

Raftónlistarpopp með frumbyggjaívaði... eða kannski sem Tribal Pop/Nordic Electro fyrir „genre“-nörða.

Hverjar eru fyrirmyndir ykkar í tónlistinni?

Allir sem eru virkilega „genuine“ og með þunnt hár, eins og Phil Collins og Sting. Við vorum reyndar aldrið upp af Jimi Hendrix og Nirvana. Síðan hafa margir tónlistarmenn haft djúpstæð áhrif á okkur.

Gold Crowned Eagle hefur notið mikilla vinsælda á síðustu vikum, eruð þið „one hit wonder“? Ætlið þið ekkert að fylgja laginu eftir?

Núna eigum við fullt af geðveikum lögum þannig að við náum ekki að verða „one hit wonder“. Við erum einmitt að leggja lokahönd á tíu laga plötu og mun næsti „single“ koma út núna í október. Hann heitir „Nanuk“.

Á föstudaginn mun **Monitor** frumsýna nýtt myndband hljómsveitarinnar **Kajak** við lagið **Cold Crowned Eagle**. Af því tilefni spjallaði **Monitor** við annan af meðlimum sveitarinnar, **Hrein Elíasson**, og kynnti sér helstu staðreyndirnar um þessa frambærilegu sveit.

Monitor barst til eyrna að fólk hringdi í hrönnum inn á útvarpsstöðvar landsins og spyrði hvaða erlenda hljómsveit ætti þetta lag. Hvernig stendur á því að fólk heldur að þið séuð ekki íslenskir?

Halda margir það? Við syngjum reyndar á ensku, það gæti verið málið. Við höfum heyrt að fólk reyni að hafa uppi á „Children of the sun-hljómsveitinni“ og að við séum kallaðir hulduhljómsveitin Kajak, það er allt saman jákvætt held ég.

Um hvað er Gold Crowned Eagle? Eruð þið börn sólarinnar?

Lagið fjallar um mannfólkið, sólina og öfundsjúka tunglið. Já, við erum öll börn sólarinnar.

Nú eruð þið að gefa út ykkar fyrsta myndband, hvernig kom það til?

Við fengum leikstjórarið Anní Ólafs og Hilmi Berg í lið með okkur og þau eiga heiðurinn að þessu. Þau hópuðu saman fullt af hæfileikaríku fólki og við eyddum um 24 klukkustundum úti í skógi á sólríkum degi. Um kvöldið kom svo þessi þykka þoka sem fullkomnaði svo stemninguna.

Þið komið fram á Airwaves í ár, verður það fyrsta stóra gíggið?

Já, þetta verður svakalegt kvöld. Við spilum á Harlem á laugardeginum kl. 21:30 með fullt af frábærum böndum. Við hvetjum alla til þess að mæta á epíska tónleika, það verða fullt af nýjum lögum og öðru skemmtilegu.

Hver er framtíðin hjá Kajak?

Ný lög, ný video, ný plata, tónleikar, tónleikar, tónleikar og svo margt sem mun örugglega koma á óvart.

HREINN

Fyrstu sex: 040582
Ég sef í: Dúnsæng
Uppáhaldsöfurfurhetjan mín er: Mononoke
Lag sem einkennir líf mitt þessa dagana: John Hopkins „Open Eye Signal“

SIGURMON

Fyrstu sex: 300889
Ég sef í: Engu
Uppáhaldsöfurfurhetjan mín: Dr. Manhattan
Lag sem einkennir líf mitt þessa dagana: Flaming lips „Do you realize?“



Ómáts taed ilega gott





Fáðu þér síma sem skilur þig

Snjallsími sem skilur íslensku

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á GalaxyS4.is



Samsung
GALAXY S4